

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 92 – 29.10.2007

Mánudaginn 29. október, árið 2007, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.00 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Páll Dagbjartsson og Pétur Valdimarsson, Páll Pálsson veitustjóri, Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Staða og drög að fjárhagsáætlun 2008
2. Lántaka hjá Lánsjóði Sveitarfélaga
3. Lóðarkaup úr landi Steintúns.
4. Framkvæmdir út að austan og Gagnaveitan.
5. Erindi frá Sveitarfélaginu Skagafirði varðandi upphitunarkostnað íþróttavallarins á Sauðárkróki.
6. Bréf frá Landbúnaðarráðuneyti v/ jarðhita í landi Langhúsa.
7. Önnur mál.
 - a. Bréf frá Guðrúnu Eiríksdóttur

Afgreiðslur:

1. Farið yfir stöðu rekstrar og framkvæmda, og kynnt drög að fjárhagsáætlun 2008
2. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf samþykkir að taka lán að upphæð 35 milljónir í lánapakka Sv. Skagafjarðar hjá Lánsjóði Sveitarfélaga. Lánið er tekið til að lækka yfirdráttaskuldir Skv.
3. Lagður fram kaupsamningur að kaupum Skagafjarðarveitna ehf af landspildu landnr. 199118 og landnr 196236 úr landi Steintúns af Quality á Íslandi kt. 460502-4540 og Sigmundi Sigurðssyni kt. 130651-3139. Á landspildu þessari er borhola fyrir kalt vatn sem þjónar Steinstaðahverfinu. Kaupverð 4.399.335.- Kaupsamningurinn samþykktur.
4. Farið yfir stöðu framkvæmda Út að austan, gert er ráð fyrir því að hefja dælingu í vikunni. Rædd staða og framkvæmdir hjá GS.
5. Samþykkt að sundlaugar í Skagafirði greiði 10% af gjaldskrá, en önnur íþróttamannvirki greiði 50% af gjaldskrá frá og með næstu áramótum.
6. Lagt fram bréf frá Landbúnaðarráðuneytinu dags. 26. september 2007 þar sem er óskað er umsagnar um nýtingu á heitu vatni úr borholu í landi Langhúsa í Fljótum. Samþykkt að fá Verkfræðistofuna Stoð til að gera hagkvæmisútreikninga á hitaveitu frá borholunum á Sólgorðum og Langhúsum.
7. Önnur mál.
 - a. Lagt fram bréf dags. 2. september 2007 frá Guðrúnu Eiríksdóttur þar sem kynnt er átakið vatn og rafmagn fyrir allan heiminn.

Veitustjórn samþykkir að ekki sé áhugi fyrir erindinu að svo stöddu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.45

Árni Egilsson ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)
Páll Dagbjartsson (sign)
Pétur Valdmarsson (sign)
Páll Pálsson (sign)

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.